

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um styttingu daglegs vinnutíma skólanemenda.

Flm.: Halldór Blöndal, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli nefnd til þess að athuga og leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um, hvernig unnt sé að stytta daglegan vinnutíma skólanemenda, þannig, að ekki sé ofboðið náms- og lestrarþoli þeirra vegna fimm daga kennsluviku.

Enn fremur skal nefndin gera tillögur um, hvernig unnt sé að tengja vinnu og skóla þannig, að nemendum sé gefinn kostur á að velja milli efstu deildar skyldunáms og vinnu undir eftirliti fræðsluþingvalda, enda verði fullorðinsfræðsla eflid.

Nefndin skal skipuð tíu mönnum, og skulu eftirtaldir aðilar skipa einn mann hver: Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Félag skólastjóra gagnfræðaskóla, Landssamband framhaldsskólakennara, Félag háskólamenntaðra kennara, Samband íslenskra sveitarfélaga, auk menntamálaráðherra, er skipar formann nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hafa mjög miklar umræður orðið um skólamál og fjölmargar nefndir unnið að ýmsum þáttum þeirra á vegum hins opinbera. Minna hefur hins vegar orðið um raunhæfar umbætur á augljósum ágöllum skólakerfisins.

Í þingsályktunartillögu þessari eru tveir þættir skólastarfsins teknir út úr: daglegur vinnutími nemenda og afstaða skólans til vinnunnar. Fyrir því liggja þær ástæður, sem nú skal greint.

Sú breyting er nú að verða í skólum landsins, að fimm daga kennsluvika er tekin upp í stað sex. Til þess liggja þjóðfélagslegar ástæður. Skólinn verður að breyta starfsháttum sínum með breyttum starfsháttum í þjóðfélaginu, hvort sem hann er undir það búinn eða ekki. Senn fer það að þykja jafnfráleitt að senda börn í skóla á laugardögum eins og verið hefur á sunnudögum.

Sá háttur hefur verið hafður á, að kennslustundum laugardagsins hefur verið bætt við kennslustundir annarra daga og þannig gengið út frá því sem vísu, að þeir hafi ekki verið fullsetnir fyrir. Afleiðingin er sú, að unglingar verða nú að sitja sjö og átta

kennslustundir samfleytt, frá 8 á morgnana til kl. 3 eða 4 á daginn. Á þessum tíma er þeim ætlað að fjalla um hin margvíslegustu málefni og halda athyglinni vakandi hverja stund. Svo getur hist á, að þrjú erlend tungumál séu kennd hvert á eftir öðru með 5 mínútna hléi á milli. Liggur þó fyrir, að svo skammur tími milli kennslustunda í mismunandi tungumálum er of skammur til þess, að þær nýtist.

Eftir að unglingarnir koma þeim, er þeim ætlað að sinna heimaverkefnum, auk þess sem margir þeirra hafa sín áhugamál, tónmennt, íþróttir og sitthvað fleira. Niðurstaðan er sú, að ekki óviða býr unglingurinn við lengsta starfsdag allra í fjölskyldunni.

Það þarf engan að undra, þótt sú reynsla, sem af þessu hefur fengist, sé ekki góð, nema síður sé. Það eru gömul sannindi, að lenging vinnudagsins stendur ekki í réttu hlutfalli við aukin afköst og að brátt verður því marki náð, að afköstin beinlínis minnka með fleiri vinnustundum. Því miður bendir margt til þess, að þessu marki sé nú óðum verið að ná í skólum landsins. Í sumum bekkjardeildum er það sýnilegt, að það eru einungis tápminstu nemendurnir, sem þola álagið. Aðrir verða að leggja hart að sér til þess að dragast ekki aftur úr. Enn aðrir heltast úr lestinni.

Ekki þarf að orðlengja, hvaða áhrif slík vinnubrögð hafa á ungling á viðkvæmasta skeiði, — hvernig þau í senn veikja siðferðisþrek hans og hvetja hann til andstöðu við skólann og þjóðfélagið. Þar við bætist, að slíkum vinnubrögðum fylgir óhjákvæmilega soun á vinnuafli kennara, en við búum við stöðugan kennaraskort. Það er ekki vafi á, að með því að koma skipulagi á starfsaðferðir skólanna má stórlega fækka kennurum og þar með draga verulega úr ríkisútgjöldunum.

Það vakir ekki fyrir flutningsmönnum að fækka vikulegum kennslustundum með því að teygja skólann fram eftir sumri eða draga úr heilbrigðum námskröfum. En þeir eru þeirrar skoðunar, að kennslutímann megi nýta betur, að námsefnið þurfi endurskoðunar við og að kennslubækurnar séu oft úreltar og sérviskulegar. Það er þessi vanræksla sem fyrst og fremst veldur hinum langa vinnudegi unglínganna.

Í síðari lið tillögunnar er því máli hreyft, að athugun fari fram á því, hvernig unnt sé að gefa unglíngum kost á að velja milli þess að vinna undir eftirliti fræðsluyfirvalda eða sitja síðasta bekk skyldunámsins.

Þessi tillaga kann að þykja undarleg í þann mund, sem fræðsluyfirvöld hafa lagt til, að skólaskylda skuli enn lengd. En þá er á hitt að líta, að sumir nemenda á 15—16 ára aldri eða yngri ganga nauðugir í skóla. Gagnvart þeim hefur þessi stofnun kannske um margra ára skeið verið vettvangur stöðugt nýrra ósígura og niðurlægíngar. Verkefnin hafa verið þeim ofviða fyrirfram. Æ sjaldnar hefur þeim verið látin í té sú uppörvun og hvatning, sem öllum er nauðsynleg í starfi, börnum, unglíngum sem fullorðnu fólki. Loks búa sumir unglíngar við það, að jafnaldrar þeirra líta niður á þá og telja þá annars flokks.

Ekki er óalgengt, að slík reynsla í skóla valdi því, að unglíngarnir komist síðar í andstöðu við þjóðfélagið, enda ekki góðu vanir. Meðal annars hér liggja rætur unglíngavandamálsins, eins og viðurkennt er. Minna en skyldi hefur þó verið gert til þess að grafast fyrir um meinið, þótt búið sé að finna það.

Þegar núgildandi skólaskylda var lögfest, var talið víst, að hún mundi öllum unglíngum betri en ekki. Naumast heldur nokkur því lengur fram, að svo sé, heldur sé skólinn sumum unglíngum einungis illa þokkaður geymslustaður og eigi þeir ekki annars úrkosta en reyna að þræuka. Nú er viðurkennt, að það getur engum orðið til góðs að vera haldið nauðugum í iðjuleysi í einhverri stofnun, miklu nær sé að gefa slíkum unglíngum kost á að vinna hæfileg störf. Reynslan hefur sýnt, að það getur verið hollt fyrir þá að hætta námi um eins eða tveggja ára skeið og fara út í atvinnulífið. Þessum möguleika verður að halda opnum. En jafnframt verður með öllum hugsanlegum ráðum að auðvelda þeim, sem ekki hafa lokið nauðsynlegu námi fyrir sérskóla, að taka þráðinn upp að nýju síðar og öðlast þannig réttindi til að fara í iðnskóla eða aðra framhaldsskóla. Þau námskeið, sem haldin hafa verið fyrir

18 ára og eldri, hafa tekist mjög vel og sýna, að þeir, sem vilja læra meira, koma aftur.

Hér er lagt til, að fulltrúar atvinnulífsins taki þessi mál til athugunar með skólamönnum. Með þeirri tilhögun er verið að leggja áherslu á, að það er einn af höfuðgöllum íslenska skólakerfisins, að það er í of litlu samhengi við aðra þætti þjóðfélagsins og á engan hátt tengt atvinnuvegunum.